



Bréf frá Önnu frumsýnt í Klifi



Frumssýning á nýjasta verki Leikfélagsins Laugu var frumsýnt í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík föstudaginn 17. nóvember. Leikfélagið sýndi leikritið Bréf frá Önnu en um er að ræða sakamála-leikrit sem fær leikhúsgesti til að hlæja en á sama tíma veldur

þeim miklum heilabrotum. Halldóra Unnarsdóttir leikstýrir öflugum hópi leikara og hefur mikil vinna farið í verkið, bæði á sviði og bak við tjöldin. Félagið fór af stað með fjórar sýningar, tvær síðastliðna helgi, eina miðvikudaginn 22. nóvember og lokasýn-

ing verður föstudaginn 24. nóvember. Fyrir ári setti leikfélagið upp sýninguna Sex í sama rúmi undir leikstjórn Kára Viðarssonar og var þá stefnt á fjórar sýningar sem enduðu að lokum í 9 sýningum fyrir fullu húsi í Röstinni á Hellissandi. Í ár fara sýningar

fram í Klifi sem tekur fleiri manns í sæti en Röstin svo ekki er von á aukasýningum nema eftirspurnin verði gríðarleg. Það gæti því verið síðasti séns að sjá þessa sýningu þann 24. nóvember og því um að gera að tryggja sér miða.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700

www.fmis.is



Kántrí í Ólafsvíkirkirkju

Sunnudaginn 19. nóvember síðastliðinn var haldin kántrí messa í Ólafsvíkirkirkju. Um var að ræða sameiginlega guðbjónustu fyrir Setbergsprestakall og Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall á léttu nótnum og var tónlistin í kántristíl. Eva Dögg Sveinsdóttir, systir Séra Ægis Inga Sveinssonar, söng, við undirleik Einar Sigurmundssonar eiginmanns síns, ásamt kórum safnaðanna.

Vel var mætt í guðbjónustuna og hafa kirkjugestir haft orð á því að mikið stuð hafi verið og fólk skemmti sér vel. Að messunni lokinni var boðið upp á léttar veitingar í Safnaðarheimili Ólafsvíkirkirkju.

SJ



Blóðsykursmæling



Í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra 14. nóvember munu lionsklúbbarinn í Snæfellsbæ í samstarfi við Heilsugæslustöðina bjóða íbúum Snæfellsbæjar upp á mælingu á blóðsykri auk þess sem hægt verður að mæla blóðþrýsting.

**Fimmtudaginn 23. nóvember kl. 18 - 21
í Áttahagastofu Snæfellsbæjar**

Allir eru hvattir til að mæta!

HEILBRIGDISSTOFNUN
VESTURLANDS
ÓLAFSVÍK



Getraunir 1x2 - Félagsnúmer Víkings - 355



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi

ÓSKAR HAFBERG ÞORGILSSON
Verkstjóri frá Ólafsvík



Lést 17. nóvember á dvalarheimilinu Jaðri Ólafsvík
Útför hans fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Róbert R. Óskarsson **Björg Elíasdóttir**
Georg Óskarsson **Elva Traustadóttir**
Gíslný Guðbjörnsdóttir
Helgi Sæmundsson
barnabörn, barnabarnabörn.

FSN er UNESCO skóli



Fjölbrautaskóli Snæfellinga hlaut þann heiður í síðustu viku að verða UNESCO-skóli. UNESCO-skólar leggja áherslu á heimsmarkmiðin, starfsemi Sameinuðu Þjóðanna, alþjóðasamvinnu, frið og mannréttindi. Þeir styðja einnig við grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Þetta er eitt elsta skólanet í heimi en það hefur verið starfrækt frá árinu 1953. Um 12 þúsund skólar taka þátt í verkefninu í yfir 180 löndum.

Á Íslandi eru 19 UNESCO skólar, af þeim er einn leikskóli, sjö grunnskólar og 11 framhaldsskólar. Í byrjun september var þemavika í FSN þar sem unnið var sérstaklega með heimsmarkmiðin og þau kynnt nemendum. Verkefnastjóri UNESCO-skóla, Krístrún María Heiðberg, heim sótti þá skólann og hélt fyrirlestur um heimsmarkmiðin fyrir nemendum og starfsfólk.

JJ

Velkomin í adventugledi

Við ætlum að fagna aðventunni og bjóða upp á lengri opnunartíma, góð tilboð og almenna gleði fimmtudaginn 23. nóvember.

Við hlökkum til að sjá þig!

Útgerðin: 20-40% afsláttur af öllum vörum.

Inga Víðis og Þórdís Z frá Viðjum verða með blóm og skreytingar til sölu. Opið frá 14 - 21.

Gilbakki: Heitt jólasúkkulaði og kaffi. Smári í Rífi selur jólatrén sín. Opið frá 17 - 21.

Hárgreiðslustofa Gunnildar: 25% afsláttur af öllum vörum á stofunni frá 9 - 16. Frá 17 - 21 á Gilbakka með gjafapakningar á 25% afslætti.

Fallegt.is: 30% afsláttur af vörum frá 17- 21 á Gilbakka.

Smiðjan Fönix: 15 - 35% afsláttur af völdum vörum frá 8 - 17. Frá 18 - 21 í Pakkhúsinu með jólaljós, seríur og hentugar jólagjafir.

Verslunin Hrund: 20-50% afsláttur af völdum vörum. Opið frá 14 - 21.

Sker Restaurant: Heitt kakó og ristaðar möndlur í boði og ýmislegt góðgæti til sölu.

Voot: 20% afsláttur af öllum fatnaði og Black Friday tilboð á völdum vörum. Opið frá 8 - 21.

Pastel hárstofa: 40% afsláttur af Sebastian vörum og fleiri tilboð. Opið frá 17 - 21.

Snyrtistofan Glóey: Jólatilboð á ýmsum vörum frá 18- 21 á Pastel hárstofu.

Apótek Vesturlands: 20% afsláttur af öllum gjafakössum fimmtudag og föstudag. Opið 10 - 20 á fimmtudag.

Sjoppan Ólafsvík: Ísvélin opin og ýmsar jóla- legar nýjungar. Opið frá 9 - 22.

Smiðjan Ólafsvík: Opið frá 17 - 21.

N1 Verslun Ólafsvík: Afsláttur af völdum vörum. Opið frá 8 - 21.

Verslun
í heimabyggt

Pakkhús Ólafsvíkur verður opið frá 18 - 21 og taka eftirfarandi söluaðilar á mótí gestum: Lionsklúbbarnir, Kvenfélag Ólafsvíkur, Sóley Jóns, Laufey Kristmunds, Hafkaup, Ann Thorsson, Smiðjan Fönix og 3. flokkur karla sem er að safna fyrir utanlandsferð. Á sama tíma verður blóðsykursmæling á vegum Lionsklúbba í Áttthagastofu.



Ársfundur fulltrúaráðs Svæðisgarðsins

14. nóvember síðastliðinn var ársfundur fulltrúaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsnes. Fundurinn var haldinn að Breiðabliki, Gestastofu Snæfellsness í Eyja- og Miklaholtshreppi. Sveitarfélögin fjögur á Snæfellsnesi taka þátt í mótun Svæðisgarðsins auk annarra aðila sem standa að verkefninu. Tilgangur Snæfellinga með stofnun svæðisgarðs er að efla samfélagið, vinna sameiginlega að því að bæta lífsgæði og lífskjör og auka upplifun og vellíðan íbúa og gesta. 13 fulltrúar sátu fundinn og glöggir sjá að á meðfylgjandi mynd eru allir fundargestir í bolum merktum Snæfellsnesi. Mikill samhugur og kraftur var í fundarmönnum og má segja að slagorð bolanna eigi einkar vel



við hópinn "Orka sem þú sérð, finnur og heyrir".

SJ

2. flokkur kvenna og CFSnb í samstarf



Nýstofnað lið Víkings/Reynis í 2. flokki kvenna í fótbolta tók á móti HK 2 í sínum fyrsta heimaleik sunnudaginn 19. nóvember. Veðrið lék við stelpurnar þegar þær lönduðu sínum fyrsta sigri en Sandra Blanka Migas skoraði eina mark leiksins. Eft-

ir leikinn skrifaði þjálfari liðsins undir samstarf við CFSNB sem felst í því að liðið fær styrktarþjálfun frá þjálfurum stöðvarinnar. Þær fá einnig aðgang að stöðinni þar sem þær geta æft sjálfar eftir styrktarþróuninni.

JJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

**LIONS
JÓLADAGATÖLIN**

Gengið verður í hús í Ólafsvík sunnudagskvöld 26. nóvember og lionsdagatölin boðin til sölu.
Verð kr. 500,-

Eins og áður fylgir tannkræmstúpa hverju dagatöli

RAFHLÖÐUR Í REYKSKYNJARA

Um leið og lionsmenn bjóða happdrættismiða til sölu n.k. sunnudagskvöld munu þeir í samstarfi við Sjóvá bjóða íbúum Ólafsvíkur fríar rafhlöður í reykskynjara.

SJÓVÁ



HAPPADRÆTTISMIÐAR

Eins og undanfarin ár verður Lionsklúbbur Ólafsvíkur með leikfangahappadrætti fyrir börnin á aðfangadagsmorgun.

Gengið verður í hús og happdrættismiðar og dagatöl
seld sunnudaginn 26. des kl. 18,
verð kr. 500



LIONSKLÚBBUR
ÓLAFSVÍKUR

FLEIRI TILBOÐ
Á STAÐNUM

PIAZZA[®]
DORO
ESPRESSO

TASTE COMES ALIVE

50% afsláttur
af kaffi

N1

Gildir aðeins 23.11.2023

Ólafsbraut 57, 355 Ólafsvík

Pekktu rauðu ljósin -

Soroptimistar hafna ofbeldi

Soroptimistasamband Íslands stendur á hverju ári fyrir 16 daga átaki sem kallað er Roðagyllum heiminn og stendur það frá 25. nóvember til 10. desember. Litur átaksins er appelsínugulur og höfum við fengið að lýsa upp kirkjurnar á Ingjaldshóli, Ólafsvík, Búðum og á Staðarstað með appelsínugulu ljósi. Í ár er það gert til að leggja áherslu á hvernig koma megi auga á og stöðva ofbeldi í nánum samböndum. Þekktu rauðu ljósin því birtingarmynd ofbeldis er mismunandi þó flestum komi líkamlegt ofbeldi fyrst í hug. Skipta má ofbeldi upp í 6 ólíka flokka:

- Andlegt ofbeldi
- Líkamlegt ofbeldi
- Kynferðislegt ofbeldi
- Fjárhagslegt ofbeldi
- Stafrænt ofbeldi
- Eltihrelli

En hvað getum við gert sem einstaklingar til að koma í veg fyrir ofbeldi í nánum samböndum? Miklu máli skiptir að fræðast og síðan að hafa kjark til að stíga upp og standa með brotþola ofbeldis svo hann geti leytað sér hjálpar. Hvort sem brotþolin er við sjálf eða einhver sem við þekkjum til.

En hvar er fræðsla að fá? Á myndinni sem hér fylgir er QR-kóða í vinstra horninu niðri. Þar eru mjög góðar upplýsingar bæði í rituðu máli og myndbandsefni. Hvetjum við sem flesta að kynna sér þessa síðu.

En því miður eru oft fleiri en tveir í ofbeldissamböndum því börnin lenda þarna á milli. Þau áhrif sem ofbeldi hefur á börn eru djúpstæð og eru þung byrði að bera gegnum lífið.

Starfsmenn Smiðjunnar hafa útbúið fyrir okkur appelsínugul kerti. Með því að kaupa kerti er hægt að minna á átakið og styrkja Smiðjuna í leiðinni.

Á lokadegi átaksins 10. desember nk. verða styrkir frá soroptimistum afhentir, þeir fást með sölu af appelsínugulum fjölnota innkaupapok-

um og verða afhentir til Bjarmahlíðar sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri og kvennaathvarfið á Akureyri.

Pekktu rauðu ljósin og höfnum ofbeldi

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

Kransagerð á Hellissandi



Um þessar mundir eru Rut í Útgerðinni og Anna Þóra á Gilbakka að bjóða upp á skemmtilega kvöldstund í Útgerðinni. Standa þær fyrir kransagerð fyrir adventuna þar sem einstaklingar, vinahópar eða saumaklúbbar geta komið saman. Um er að ræða þrjú kvöld, 15., 22. og 29. nóvember og hefur aðsókn á viðburðina verið góð. Þátttakendur fá allt grunnefni sem þarf til að búa til flottan krans og geta

svo keypt meira skraut, kerti og annað til að gera kransinn jólaglegan. Stemmingin á kranskvöldunum er afar ljúf, vinstofan í Útgerðinni er opin og í aðdraganda jólanna er nauðsynlegt að eiga slíka kvöldstund í góðum hópi. Ennþá eru einhver laus pláss í kransagerð en hægt er að hafa samband við Rut til að skrá sig.

SJ



Þinn árlegi Jólabasari

félags eldri borgara í Snæfellsbæ verður
sunnudaginn 26. nóvember
í félagsheimilinu Klifi og hefst kl. 15.00

Margir góðir munir, kökur ofl.

Vöfflur og rjómi.

Enginn posi á staðnum.

Nefndin





Launafólk athugið

DESEMBERUPPBÓT 2023

Félagsmenn Verkalýðsfélags Snæfellinga eiga rétt á desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Desemberuppbót miðað við fullt starf er:

Starfsmenn á almennum markaði - 103.000 krónur. Greiðist eigi síðar en 15. desember
Starfsmenn ríkisins - 103.000 krónur. Greiðist 1. desember ár hvert.
Starfsmenn sveitarfélaga - 131.000 krónur. Greiðist eigi síðar en 1. desember.

Members of the union Verkalýðsfélag Snæfellinga are entitled to a December bonus according to collective agreements. The December bonus according to a full time job is:

Employees of the general labour market – 103.000 kr.
Employees of the government – 103.000 kr.
Employees of the municipality - 131.000 kr.



AKSTURSSTYRKIR

Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tólmstundaiðkun.

Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is



AÐVENTUGLEÐI FIMMTUÐAGINN 23. NÓV

20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM FATNAÐI OG
SKÓM

BLACK FRIDAY
TILBOÐ ALLA
VIKUNA



DIDRIKSONS



CINTAMANI



VIKING

www.voot.is

Ólafsbraut 19, Ólafsvík

436-1214
olafsvik@voot.is